

71. fundur Heklnnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 15. mars 2019 kl. 9:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Ásgeir Eiríksson, Sigrún Ásta Elefsen, Guðjón Skúlason, Brynhildur Kristjánsdóttir, Sigrún Ásta Elefsen, Berglind Kristinsdóttir, Daníel Einarsson, Þuríður Aradóttir og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð.

Fannar Jónasson, Magnús Stefánsson og Marta Jónsdóttir boðuðu forföll

Dagskrá:

1. *Samantekt vegna íbúa- og vetrarfunda MR og RGP.*
2. *DMP áætlun fyrir Reykjanesið.*
 - a) *Fjármagn úr Sóknaráætlun fyrir áframhaldi á markaðsgreiningunni og staðfærslunni.*
3. *DMO,*
4. *Atvinnuleysistöflur*
5. *Önnur mál.*

1. Mál Samantekt vegna íbúa- og vetrarfunda MR og RGP

Þuríður sagði frá íbúafundum um ferðamál í samstarfi við sveitarfélög og Reykjanes Geopark sem voru vel sóttir.

Vetrarfundur ferðaþjónustunnar var haldinn 28. febrúar

2. DMP áætlun fyrir Reykjanesið

Þuríður fór yfir stöðu DMP áætlunar fyrir Reykjanes. Mikil vinna hefur farið í verkefnið og því mikilvægt að áætlunin sé nýtt í framhaldi. Taka þarf áætlunina upp næsta vetur og uppfæra vegna breytinga hjá sveitarfélögum.

3. DMO

Þuríður kynnti vinnu við samræmt hlutverk markaðsstofa sem áfangastofur landshluta (DMO) í framhaldi fundar með Stjórnstöð ferðamála og ferðamálastofu. MR falið að vinna málið áfram.

4. Atvinnuleysistöflur

Atvinnulausir á Suðurnesjum eru eftir sveitarfélögum Reykjanesbær 5,40%, Suðurnesjabær 4,20%, Grindavík 2,10%, Sveitarfélagið Vogar 5,50%. Meðaltal á höfuðborgarsvæðinu er 2,20% og 3,10% á landinu öllu.

Mikil óvissa er vegna samdráttar í rekstri Wow og verkfalla framundan sem geta haft mikil áhrif á Keflavíkurflugvöll.

5. Önnur mál

- a. Viðbragðsáætlun fyrir Reykjanes lögð fram til kynningar.
- b. Rætt var um fjármagn vegna landvörslu sem skortir í tengslum við störf landvarða komandi sumar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.